



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudaginn, 29. mars 2010

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar 29. mars 2010, kl. 17,00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þórður Pálsson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010 – 2030

Afgreiðsla:

Aðalskipulag Blönduós 2010-2030. Tekin fyrir tillaga Landmótunar dags.25.mars 2010. Tillagan er sett fram á sveitarfélagsuppdrætti, þéttbýlisuppdrætti, greinagerð og í umhverfisskýrslu. Samþykkt að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna sbr. 17. gr. skipulagslaga nr. 73/1997. Jafnframt samþykkt að tillagan verði send lögformlegum umsagnaraðilum til umsagnar.

Dagskrárliður 2

Lokaafgreiðsla á deiliskipulagi fyrir Sunnubraut / Skúlabraut

Afgreiðsla:

Afgreiðsla SBV eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma og minniháttar breytingar hafa verið gerð á deiluskipulaginu eftir auglýsingu.

Gildandi aðalskipulag gerir ekki ráð fyrir íbúðarbyggð norðaustan við núverandi byggð við Skúlabraut.

Fyrirhuguð raðhúslóð milli Skúlabrautar og Ennisbrautar er því felld út. Til einföldunar eru eldri raðhúslóðir norðan Skúlabrautar jafnframt felldar út sem hluti af skipulagi þessu. Afmörkun deiliskipulags er breytt í samræmi við þetta.

Uppdráttur og greinagerð er lagfærð í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar þar sem núverandi lóðamörk og lóðarstærðir eru yfirfarin. Greinagerð er lagfærð í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar. Textabreytingar eru í kafla 2.8 þar sem gerð er betri grein fyrir núverandi byggð og í kafla 3.0. er orðalag lagfært. Samþykkt að senda Skipulagsstofnun deiliskipulagið með ósk um að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Dagskrárliður 3

Deiliskipulag fyrir sorpförgunar og efnistökusvæði á Sölvabakka.

Afgreiðsla.

Breyting á Svæðisskipulagi A-Húnavatnssýslu sem gerir ráð fyrir sorpförgunar-og efnistökusvæði á Sölvabakka hefur veirð staðfest.

Deiliskipulagstillaga dags 15. mars 2010 er sett fram á uppdrætti og umhverfisskýrsla er aðskilin greinagerð. SBV samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 25.gr. skipulags-og byggingalaga nr.73/1997.

Dagskrárliður 4

Stefán Árnason, Garðabyggð 16b sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á sólpalli og byggingu á frístunda og garðstofu á fasteigninni Garðabyggð 16b, Blönduósi. Teikningar liggja fyrir, Stefán sækir um að fá að samþykkja teikninguna sjálfur. (Ath. Br.441/1998 gr. 8.7).

Afgreiðsla:

Hér viku Stefán af fundi.

a.Nefndin leggur til að Stefán fái að teikna og samþykkja teikninguna.

b.Nefndin samþykkir teikninguna og veitir honum leyfi til að framkvæmda.



Dagskrárliður 5

Jollanta Tomaszewa sækir um byggingarleyfi fyrir Aðalgötu 2. Sótt er um að breyta notkun hússins úr íbúðarhúsi í veitinga og gistihús. Fyrir liggur teikning nr.101 dags.24.03.2010 óundirrituð. Umsögn Brunamálastofnunar dags.15.03.2010.

Afgreiðsla:

SBV fellst á breytingu á húsnæðinu úr íbúðahúsnæði í veitinga og -gistihús. Teikningin uppfyllir ekki kröfur byggingarreglugerðar og þær kröfur sem komu fram í umsögn Brunamálastofnunar dags.15.03.2010. Afgreiðsla á umsókninni er því frestað.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.10.

Gauti Jónsson (sign)

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Valgerður Gísladóttir (sign)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign)

Þórður Pálsson (sign)

Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)

Jóhann K.Jóhannsson, slökkviliðsstjóri (sign)